



Uppeldi til ábyrgðar með eins til þriggja ára gömlum börnum í leikskólum

Silja Guðbjörg Hafliðadóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Kennaradeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Uppeldi til ábyrgðar með eins til þriggja ára gömlum börnum í leikskólum

Silja Guðbjörg Hafliðadóttir

Lokaverkefni til B.Ed-prófs í leikskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Margrét S. Björnsdóttir

Kennaradeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Febrúar 2016

Uppeldi til ábyrgðar með eins til þriggja ára gömlum börnum í leikskólum

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed-prófs í leikskólakennarafræði við kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Silja Guðbjörg Hafliðadóttir 2016

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2016

Ágrip (útdráttur)

Í þessari rannsóknarskýrslu er sagt frá því hvernig unnið er með uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar – uppbyggingu sjálfsaga með eins til þriggja ára gömlum börnum í þremur leikskólum. Rannsóknin er gerð til að varpa ljósi á það hvernig hægt sé að innleiða og nota stefnuna Uppeldi til ábyrgðar – uppbyggingu sjálfsaga með svo ungum börnum þar sem lítið hefur verið skrifað um það. Stefnan hefur í auknum mæli verið færð niður á leikskólastig og unnið er að því í mörgum leikskólum að nota hana með yngstu börnunum. Sú vinna fer að mestu fram innan hvers leikskóla fyrir sig og fannst rannsakanda kominn tími á að sameina þá þekkingu sem leikskólar hafa unnið að svo allir geti notið góðs af og unnið markvissar með þeim aldurshópi sem um er rætt.

Notast var við eigindlega aðferðafræði þar sem opin viðtöl voru tekin í þremur leikskólum. Viðtölin voru tekin við tvo deildarstjóra, einn leiðbeinenda og einn leikskólastjóra.

Helstu niðurstöður eru að stór hluti af innleiðingu og notkunar Uppeldis til ábyrgðar – uppbyggingu sjálfsaga með börnum á aldrinum eins til þriggja ára er að vera góð fyrirmynd, temja sér uppbyggilega orðræðu og jákvætt viðmót. Mikilvægt er að sýna börnum á þessum aldri ást og umhyggju og hjálpa þeim að finna fyrir öryggi.

Efnisyfirlit

Ágrip (útdráttur)	3
Myndaskrá	5
Formáli	6
1 Inngangur	7
2 Uppeldi til ábyrgðar	9
2.1 Rætur Uppeldis til ábyrgðar	9
2.2 Grunnþarfirnar fimm og Gæðaveröldin	12
2.3 Aðferðir við innleiðingu og daglega notkun	13
2.4 Fimm leiðir stjórnunar	15
2.5 Kennsluaðferðir sem notaðar eru með Uppeldi til ábyrgðar	17
3 Fyrri rannsóknir og kenningar	19
4 Rannsóknaraðferð	21
4.1 Rannsóknarspurning	21
4.2 Rannsóknaraðferð	21
4.3 Þátttakendur.....	21
4.4 Gagnaöflun	22
4.5 Vankantar/áreiðanleiki	22
5 Viðtölin	24
5.1 Bakkaborg – Jóna.....	24
5.2 Holtakot – Ína og Olga	25
5.3 Krakkakot – Hjördís.....	28
6 Niðurstöður	32
7 Umræður	35
8 Lokaorð	37
Heimildaskrá	38
Viðauki 1: Upplýst samþykki	40
Viðauki 1: Viðtalsvísir - Spurningar til hliðsjónar í viðtölum	41

Myndaskrá

Mynd 1 Þarfahringurinn. Sótt af http://netla.hi.is/greinar/2007/003/grunntharfir.gif	13
Mynd 2. Sáttmáli	14
Mynd 3 Orkuskífa Bangsímmons.	26
Mynd 4 Þarfaþross á vegg.....	27

Formáli

Ég vil þakka leiðsögukenndara mínum, Margréti Sigríði Björnsdóttur fyrir frábæra leiðsögn, áhuga og jákvæðni í garð þessa verkefnis. Einnig vil ég koma þökkum til þeirra sem lásu yfir verkefnið mitt, gáfu mér ráðleggingar og leiðsögn til betrubóta. Sérstaklega vil ég þakka litlu stelpunni minni, henni Eddu Sif, fyrir mikla þolinmæði gagnvart lærdómi mömmu sinnar. Þolinmæði dóttur minnar kemur þó aðallega frá því að yndislega fólkið í kringum okkur, þá sérstaklega mamma, Jóna, Þórunn Hekla, Írena og Óli sáu til þess að henni leiddist ekki. Takk kærlega fyrir stuðninginn, án ykkar væri þetta verkefni ekki til í dag.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirrituðum. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, ____ . _____ 20__

1 Inngangur

Lítið er til af heimildum og rannsóknum um notagildi stefnunnar Uppeldi til ábyrgðar – uppbyggingu sjálfsaga með eins til þriggja ára gömlum börnum. Reyndar er ekki mikið efni til um stefnuna með eldri börnum á leikskóla heldur en þó meira en um þau yngri. Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga er stefna sem hönnuð var fyrir börn og unglinga á grunnskólastigi. Stefnan hefur einnig heillað marga starfsmenn leikskóla sem hafa aðlagð hana að leikskólabörnum.

Rannsakandi vinnur á leikskóla þar sem unnið er samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar – uppbyggingu sjálfsaga og starfar þar með börnum fæddum 2013 (flest þeirra orðin tveggja ára þegar þetta er skrifað). Sú vinna hefur vakið áhuga á að komast yfir fræði og rannsóknir um það hvernig best sé að vinna með yngstu börnunum samkvæmt stefnunni. Rannsakandi hefur heillast að stefnunni sem fer svo áhugaverðar leiðir að því að móta sterka, lýðræðislega hugsandi, ábyrga og jákvæða einstaklinga með góðan sjálfsaga og virðingu fyrir náunganum. Því kom ekkert annað til greina, þegar farið var út í það að velja efni til að skrifa um í lokaverkefningu, heldur en Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga með yngstu börnunum. Því svona áhrifaríka stefnu ætti strax að byrja að nota með börnum svo að boðskapur hennar komist sem best til skila að mati rannsakanda.

Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga er íslenskt heiti á stefnu sem nefnist *Restitution* á ensku. Upphaflega þegar stefnan var íslenskuð var hún nefnd Uppbyggingarstefnan. Þar sem Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga er langt heiti þá verður það hér eftir stytt niður í Uppeldi til ábyrgðar í þessari skýrslu.

Í rannsóknarskýrslunni verður leitast við að svara eftirfarandi spurningu: *Hvernig er unnið með Uppeldi til ábyrgðar með eins til þriggja ára gömlum börnum í leikskólum?* Til að svara henni var farið í þrjú leikskóla og tekin viðtöl við tvo deildarstjóra, einn leiðbeinanda og einn skólastjóra. Niðurstöðurnar eru byggðar á þessum viðtölum.

Í byrjun skýrslunnar er stefnunni Uppeldi til ábyrgðar gerð skil. Útskýrt verður hvaðan stefnan kemur, á hverju hún er byggð og hverjir upphafsmenn hennar eru. Því næst verður sagt frá því út á hvað stefnan gengur og einstaka þáttum hennar lýst. Þá eru útlistaðar kennsluáferðir og námsgögn sem notuð eru af þáttökuleikskólunum til innleiðingar og notkunar á Uppeldi til ábyrgðar. Nefndar verða nokkrar rannsóknir sem gerðar hafa verið á efni sem snýr að þessari rannsókn svo lesandi fái innsýn í hvað rannsakað hefur verið á þessu sviði. Þar á eftir er greinagóð lýsing á aðferðafræðinni á bak

við þessa rannsóknarskýrslu og hvernig vinna hennar fór fram. Þá er komið að lýsingu á viðtölunum sem tekin voru og viðmælendunum. Niðurstöður fylgja svo þar á eftir þar sem fram kemur hvað leikskólarnir eiga sameiginlegt og hvað þeir gera frábrugðið hver öðrum er varðar Uppeldi til ábyrgðar með yngstu börnum leikskólanna. Í lokin koma svo umræður út frá niðurstöðunum með lokaorðin beint á eftir.

2 Uppeldi til ábyrgðar

Hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar byggir á því að kenna börnum sjálfsaga með því að ýta undir ábyrgðarkennd þeirra, kenna þeim að skilja hverjar þarfir þeirra eru og hvernig þau geta mætt þeim án þess að brjóta á þörfum annarra (Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Magni Hjálmarsson, 2007).

2.1 Rætur Uppeldis til ábyrgðar

Frumkvöðull stefnunnar er Diane Chelsom Gossen frá Saskatoon í Kanada. Gossen fannst agaaðferðirnar sem notaðar voru í skólum ekki vera að skila tilætluðum árangri og þróaði því aðra aðferð byggða að miklu leyti á sjálfstjórnarkenningu (e. choice theory) Williams Glasser. Gossen vildi búa til agastefnu sem byggði á öðru en neikvæðum afleiðingum, umbunum og hótunum. Hún vildi finna leið til að fá börn til að taka ábyrgð á eigin gjörðum og gera þeim kleift að mæta eigin þörfum án þess að brjóta á öðrum (Gossen, 2002a).

Gossen hefur gefið út fjölmargar bækur um Uppeldi til ábyrgðar, þar á meðal má nefna nokkrar af þeim bókum sem hafa verið íslenskaðar eins og *Barnið mitt er gleðigjafi*, *Sterk saman* og *Uppeldi til ábyrgðar*. Einnig hefur hún unnið með mörgum skólum um heim allan við innleiðingu Uppeldis til ábyrgðar í þeim. Hún heldur einnig námskeið út um allan heim til að kynna og kenna stefnuna (Real restitution, e.d.).

Eins og áður segir er Uppeldi til ábyrgðar að miklu leyti byggt á kenningum William Glasser heimsþekktis sálfræðings frá Cleveland, Ohio í Bandaríkjunum. Hann varð frægur fyrir þær sálfræðikenningar sem hann setti fram og er frumkvöðull raunsæismeðferðarinnar, sjálfstjórnarkenningar Williams Glassers og Gæðaskólans. Glasser gaf út yfir 20 bækur á ævi sinni. Hann lést árið 2013, þá 88 ára gamall (William Glasser institute, e.d.).

Sjálfstjórnarkenning William Glasser gengur út frá þeirri staðhæfingu að við veljum allt sem við gerum og finnum. Með þessu er átt við að hvernig líðan okkar er, hvernig við bregðumst við, hverja við umgöngumst og hvernig líf okkar æxlast er allt okkar val. Við getum ekki kennt neinum öðrum um tilfinningalegt ástand okkar nema okkur sjálfum (Glasser, 1998).

Kenningin kennir okkur hvernig við getum breytt hugsunarhætti okkar á þann veg að við tökum ábyrgð á sjálfum okkur og gjörðum okkar. Hættum að kenna öðrum um og tökum ábyrgð á okkur sjálfum. Samkvæmt sjálfstjórnarkenningunni höfum við mun meiri

stjórn á tilfinningum okkar og lífi heldur en við gerum okkur grein fyrir. Eins og þegar við verðum pirruð og skömmum aðra eða þegar við erum langt niðri þá erum við í þeim aðstæðum af því að við veljum að vera þar. Með því að nýta okkur sjálfstjórnarkenninguna náum við betri tókum á tilfinningum okkar og gjörðum og getum þar af leiðandi valið að lenda ekki í aðstæðum þar sem við verðum pirruð, skömmum aðra eða verðum þunglynd. Sá lífnaðarháttur sem stór hluti af heiminum hefur tileinkað sér er að stjórna öðrum og vera stjórnað. Þeir sem hafa lært að lifa samkvæmt sjálfstjórnarkenningunni lifa í sátt og samlyndi við aðra án þess að reyna að stjórna öðrum en sjálfum sér. Þeir lifa því lífi sem þeir vilja lifa og hafa umlukið sig fólki sem mæta þörfum þeirra á jákvæðan hátt (Glasser, 1998).

Öfugt við flesta sem koma með nýjar kenningar inn á eigin fræðasvið, þá fann Glasser fyrst upp raunsæismeðferð sína og bjó síðan til sjálfstjórnarkenninguna út frá vinnu sinni við meðferðina. Raunsæismeðferð Glassers byggir mikið á samtalsmeðferð, það að tengjast skjólstæðingum sínum og ræða við þá sem jafningja til að vinna í vandamálum þeirra. Raunsæismeðferðin kennir skjólstæðingunum betri leiðir til að fá þörfum sínum mætt, hjálpar þeim að skilja muninn á réttu og röngu og útskýrir fyrir þeim að það er ekkert sem heitir andleg veikindi. Í meðferðunum er alltaf unnið í núinu, fortíðin aldrei grafin upp eða einhver undirliggjandi vandamál (Glasser, 1976).

Glasser mótaði sínar kenningar að hluta til eftir hugmyndafræði John Dewey þar sem Dewey talar um mikilvægi þess að kennarar tengist nemendum sínum vel til að geta hjálpað þeim að sjá hvað þeir vilja fá út úr lífinu. Á þann hátt er nemendunum sýnt að þeir hafi stjórn á eigin námi sem hvetur þá áfram til að sigrast á því (Berges, 1976).

Aðferðirnar sem notast er við í Uppeldi til ábyrgðar byggjast mikið á samtalstækni. Notast er við afbrigði af samtalsmeðferð Williams Glassers þar sem leiðbeint er gegnum spurningar sem fá þann sem leiðbeint er til að byggja upp sjálfsaga sinn og finna jákvæðar leiðir til að mæta þörfum sínum. Á þann hátt er hægt að átta sig á mistökum sínum, finna virðingarverða leið til að bæta fyrir þau og læra af reynslunni, þannig að einstaklingurinn kemur sterkari út úr lífsreynslunni. Einstaklingur er alltaf að gera sitt besta. Ef hann sýnir neikvæða hegðun þá er það vegna þess að hann kann ekki betri leið til að fá þörfum sínum mætt. Þá er hlutverk leiðbeinandans að fá einstaklinginn til að skoða sjálfan sig og finna jákvæðari leið. Við þessa sjálfsskoðun er hægt að læra af reynslunni og verða betri manneskja fyrir vikið sem er nær þeirri manneskju sem einstaklingurinn vill vera í gæðaveröld sinni (Gossen, 2002a).

Annað sem rennir stoðir undir Uppeldi til ábyrgðar eru siðfræði frumbyggja, heilastarfsemi Jensens og agastjórnun og gagnrýni á gagnfræðaskólakerfi frá Alfi Kohn (Guðlaug Erla og Magni, 2007).

Rekja má uppbyggingu sjálfsaga innan Uppeldis til ábyrgðar til arfleifðar frumbyggja Ameríku. Frumbyggjar trúá því að einstaklingar beri ábyrgð á eigin vanda og þurfi að líta inn á við og meta sjálfur hvort hann hafi breytt rangt eða ekki. Á þennan hátt er ýtt undir sjálfstæði og sjálfsaga í stað þess að reyna að stjórna með ótta eða gylliboðum. Frumbyggjum er einnig kennt að skilgreina aðra ekki út frá einum gjörðum. Það þarf að líta á manneskjuna sem heild og ekki er hægt að sjá alla hluta heildarinnar út frá einu atviki (Gossen, 2006).

Samkvæmt heilarannsóknnum Eric Jensen þarf að aga börn á annan hátt en að framkalla ótta hjá þeim þar sem sú aðferð gerir þær heilastöðvar sem þurfa að vera virkar til að breyta hegðun óstarfhæfar. Einnig hafa heilarannsóknir leitt það í ljós að þó að gylliboð virki örvandi fyrir heila sumra nemenda þá hafa þau andstæð áhrif á aðra (Gossen, 2006; Jensen, 1998).

Alfi Kohn hefur rannsakað neikvæð áhrif umbunar í skólakerfinu. Hann hefur lofað agastjórnun Uppeldi til ábyrgðar sem skynsamlega leið til að vinna með nemendum. Kahn skrifar um nokkrar ástæður fyrir því hvers vegna umbunakerfið hafi slæm áhrif á nemendur, námsframvindu þeirra og sjálfsaga. Ein þessara ástæðna er sú að þegar nemendum er mútað til náms eða kennari reynir að lokka þau með verðlaunum þá tapa nemendurnir þeirri getu að læra fyrir ánægjuna við það að læra og gera eitthvað vel. Námið fer að snúast um það að fá verðlaun og á sama tíma verður til sú ályktun að námið sé leiðinlegt og einungis vert að stunda það ef verðlaun eru í boði. (Gossen, 2001; Kohn, 1999)

2.2 Grunnþarfirnar fimm og Gæðaveröldin

Uppeldi til ábyrgðar byggir meðal annars á þeirri trú að allir hafi fimm grunnþarfir sem þeir leitast við að fá fullnægt með öllum gjörðum dagsins. William Glasser fann upp þessa kenningu sem hluta af sjálfstjórnarkenningu sinni sem snýst um það að öll hegðun er valin og ákveðin til að koma til móts við þarfir okkar (Glasser, 1998).

Með þessari kenningu á Glasser meðal annars við að öll slæm hegðun er valin og kemur í stað verri hegðunar. Það er þegar börn og fullorðnir gera mistök eða hegða sér illa þá er það þeirra leið til að fá þörfum sínum mætt á sem ákjósanlegastan máta. Þau kunna ekki rétta hegðun til að fá þörfum sínum mætt og eru að gera sitt besta þó það líti ekki alltaf þannig út. Það er því hlutverk kennara, foreldra og annarra uppalenda að sýna eða benda á betri leið sem hægt er að fara. Það er svo ákvörðun hvers og eins hvort að nýja aðferðin verði notuð þar sem að við stjórnnum einungis okkur sjálfum en ekki öðrum (Glasser, 1998).

Þessar fimm þarfir sem allir eru að vinna í að mæta hjá sjálfum sér eru missterkar hjá hverjum og einum (Gossen, 2008).

Þarfirnar fimm eru:

- Öryggi
- Umhyggja
- Áhrif
- Frelsi
- Gleði

Öryggisþörfin aðgreinir sig frá hinum þörfunum að því leyti að hún er grunnþörf til að geta lifað. Það sem felst í örygginu er að fá líkamlegum þörfum okkar uppfyllt, hafa þak yfir höfuðið, föt, hvíld, mat að borða og vatn að drekka. Með öðrum orðum að finna fyrir lágmarks öryggi í lífinu. Án alls þessa er lítill möguleiki á að hinum þörfunum sé fullnægt (Gossen, 2008).


Þörfin fyrir *umhyggju* snýst um að tilheyra. Þau börn sem hafa sterka umhyggjuþörf eru mjög félagslynd, þau leita mikið í fjölskyldu sína fyrstu árin og svo bætast vinirnir fljótt við. Þessi börn fá mikla hvatningu í gegnum viðurkenningu frá kennurum og öðrum (Gossen, 2008).

Börn sem hafa ríka *áhrifaþörf* vilja fá að stjórna og hafa stjórn á hlutunum. Þessi börn þrífast á því að hafa hlutverk og verkefni og finnst fátt skemmtilegra en að hjálpa til, skipuleggja og stjórna. Ekki er hægt að ana út í ný verkefni óundirbúinn ef áhrifaþörfin er

ríkjandi. Þá þarf fyrst að sjá hvernig verkefni eru gerð, fylgjast með og undirbúa svo verkefnið verði sem fullkomnast strax í fyrstu tilraun (Gossen, 2008).

Frelsisþörfin er þörfin til að fara frjálst ferða sinna og fá að uppgötva hluti á eigin spýtur. Börn sem hafa sterka frelsisþörf vilja læra með því að gera sjálf og andstætt við þau börn sem hafa sterka áhrifaþörf þá vilja frelsisbörnin demba sér beint í ný verkefni til að upplifa þau og kanna (Gossen, 2008).

Börn með ríkjandi *gleðiþörf* eru léttlynd og sveigjanleg. Þau hafa sterka þörf fyrir hlátur og grín og eru oft svolítið stríðin. Þessi börn geta verið með miklar vangaveltur um allt milli himins og jarðar og minna jafnvel á litla heimsspekinga eða kennara (Gossen, 2008).



Mynd 1 Þarfahringurinn. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2007/003/gruntharfir.gif>

Þegar við fáum grunnþörfum okkar uppfyllt erum við að reyna að láta raunveruleika okkar líkjast þeim gæðaheimi sem við höfum í huga okkar. Gæðaheimur er ímyndun af fullkominni veröld sem hver og einn geymir í huga sér þar sem öllum grunnþörfum er sinnt eins vel og hægt er að ímynda sér. Myndin í huga hvers og eins mótast af lífsreynslu einstaklingsins og því hvernig hann hefur best náð að mæta þörfum sínum hingað til á lífsleiðinni. Þó að fæstir séu meðvitaðir um þennan gæðaheim sem þeir eru alltaf að reyna að upplifa þá eru allar gjörðir þeirra leið til að gera gæðaheiminn að raunveruleika. Með því að gera sér grein fyrir því að allir eru að reyna að verða besta útgáfan af sjálfum sér og fá þörfum sínum uppfyllt til að fá fram gæðaheim sinn þá er betur hægt að koma á mótis við fólk og hjálpa því að finna betri leiðir að markmiðum þeirra (Glasser, 1998).

2.3 Aðferðir við innleiðingu og daglega notkun

Samkvæmt Diane Gossen (2008) er hægt að nota hugmyndir Uppeldis til ábyrgðar í samskiptum við börn óháð aldri. Auðveldara er að nýta stefnuna þegar byrjað er að iðka hana snemma til að mynda með tveggja ára gömlum börnum. Í þessum undirkafla koma

fram nokkrar aðferðir Uppeldis til ábyrgðar. Sumar þeirra henta vel fyrir börn á leikskólaaldri á meðan einfalda þarf aðrar til að hægt sé að nota á leikskólum.

Þegar unnið er samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar er mikilvægt að fækka reglum eins og mögulegt er. *Jákvæð samskipti* eru nauðsynleg og til að geta átt slík samskipti þarf að lágmarka þvinganir og samskipti sem stuðla að ótta. Það að vera alltaf að fara eftir skipunum annarra til að forðast afleiðingar byggir ekki upp innri hvöt til að breyta rétt heldur er það þörfin að forðast slæmar afleiðingar sem ræður för. Með því að segja frekar *já, ef* í staðin fyrir *nei* þegar mögulegt er þá eru neikvæð samskipti lágmrökuð, traust byggt og stuðlað að jákvæðari sjálfsmynd þátttakenda (Anderson og Gossen, 1995).

Sáttmáli er samningur sem hver bekkur, deild og skóli gera í sameiningu þar sem ákveðin lífsgildi eru skráð á veggspjald. Þessi lífsgildi eru eitthvað sem allir í hópnum geta verið sammála um að nauðsynlegt sé að fylgja, eitthvað sem allir vilja fara eftir og virða til að stuðla að góðu samstarfi og vellíðan allra innan hópsins. Allir í hópnum skrifa undir þennan sáttmála og hafa trú á þessum lífsgildum og er það þannig vilji allra í hópnum að þessi lífsgildi séu virt. Á þennan hátt koma lífsgildin frá hópnum í sameiningu en ekki frá yfirvaldi með hótanir um refsingu. Þannig kemur viljinn til að viðhalda lífsgildunum innan frá hverjum og einum þar sem þetta eru þeirra eigin lífsgildi til að standa við (Gossen, 2002b).



Mynd 2. Sáttmáli

Y-spjöld er leið til að undirbúa hóp fyrir sáttmálagerð með því að hjálpa hópnum að komast að því og skilja hver lífsgildi þeirra séu. Þegar gert er *Y*-spjald með hóp þá er notast við blað eða veggspjald og því skipt í þrennt með bókstafnum *Y* þar sem flokkarnir *Hvað viltu sjá?*, *hvað viltu heyra?* og *hvað viltu finna?* eru settir inn. Síðan ræðir hópurinn

Þessa þrjá flokka með tillit til þess umhverfis sem sáttmálinn á að gilda fyrir og skráir það sem kemur fram í dálkana þrjá á Y-spjaldinu. Út frá þeim niðurstöðum sem koma fram við gerð Y-spjaldsins er hægt að mynda lífsgildi hópsins (Gossen, 2006).

Mitt og þitt hlutverk er eins og Y-spjöldin, leið til að undirbúa hóp fyrir sáttmálagerð. Það er gert með því að ræða um og skrá á spjald hver hlutverk nemenda og kennara innan hópsins eru. Þannig eru sett skýr mörk sem allir skilja um hvers sé ætlast til af hverjum og einum og hver hlutverk þeirra innan hópsins séu. Gerðir eru fjórir dálkar.

- *Hlutverk kennarans* – það sem ætlast er til af kennaranum. Dæmi: Að kenna.
- *Ekki hlutverk kennarans* – það sem ekki er ætlast til af kennaranum. Dæmi: Að taka til fyrir nemendurna.
- *Hlutverk nemendanna* – það sem ætlast er til af nemendunum. Dæmi: Að læra eða leika sér.
- *Ekki hlutverk nemendanna* – það sem ekki er ætlast til af nemendunum. Dæmi: Að skamma aðra nemendur.

Þegar allir í hópnum hafa samþykkt hver hlutverk þeirra eru og eru ekki, eiga allir að hafa góðan skilning á því hvers ætlast er til af þeim. Með þessum hætti bera nemendurnir sjálfir ábyrgð á því hvert þeirra hlutverk er þar sem þeir taka þátt í að móta það (Gossen, 2001).

2.4 Fimm leiðir stjórnunar

Samkvæmt Diane Gossen (2006) eru fimm leiðir til að halda uppi aga. Þær eru eftirfarandi:

- Refsa (refsarinn)
- Vekja sektarkennd (predikarinn)
- Fortölur og gylliboð (félaginn)
- Reglufesta (eftirlitsmaðurinn)
- Uppbyggingarstjórnun (uppbyggingarstjórinn)

Agastjórnunin sem felst í því að *refsa* snýst um að þeim sem er refsað er settur í veikari stöðu en sá sem refsar og eru þeir því ekki jafnir í samskiptum og þar af leiðandi sýna þau samskipti ekki virðingu í garð aðilanna sem eiga í hlut. Refsarinn reynir að niðurlægja með reiði og gagnrýni að vopni. Þessi samskipti auka líkur á að þeim sem refsað er hefni sín, verði bitur og finni leiðir til að komast undan slíkum aðgerðum, meðal annars með því að kenna öðrum um (Gossen, 2006).

Sá sem notast við agastjórnnunina að *vekja sektarkennd* stundar miklar predikanir og eyðir miklum tíma í að skamma þann sem verið er að reyna að aga. Þessi aðferð hefur þær afleiðingar að sá sem er skammaður fær minna sjálfsálit, lærir að segja fyrirgefðu án þess að hugsa mikið um hvað verið er að segja eða reynir að ljúga til um atburði og fela þá (Gossen, 2006).

Þegar notast er við agastjórnnunina *fortölur og gylliboð* er árangri náð með því að kaupa eða lokka þann sem verið er að aga til að gera eitthvað. Þá er notast við að kaupa hlýðni með því að lofa verðlaunum og drífa einstakling eða hóp áfram með einhverri gulrót. Þessi aðferð virkar oft mjög vel fyrir kennara eða uppalandur til að fá sínu fram en sá sem gerir það sem um er beðið er ekki að því fyrir sjálfan sig heldur til að geðjast öðrum. Slæm hegðun er afsökuð og reynt að bæta fyrir hana með því að hvetja til betri hegðunar næst í skiptum fyrir hrós eða verðlaun. Útkoman er ósjálfstæður einstaklingur eða hópur sem reynir að þóknast öðrum án þess að styrkja eigin sjálfsaga og sjálfsmýnd (Gossen, 2006).

Við agastjórnnunina *reglufesta* er stjórnað með reglum og viðurlögum. Þá eru hafðar mjög skýrar reglur um það hvað sé æskileg hegðun og hvað ekki og einnig höfð skýr viðurlög við því þegar þessar reglur eru brotnar. Þarna koma mitt og þitt hlutverk og sáttmálinn sterk inn þar sem komnar eru reglur sem allir hafa samþykkt að fara eftir. Eftirlitsmaðurinn spyr þann sem brýtur reglurnar hver reglan sé og hver viðurlögin við henni séu. Þannig getur nemandinn svarað því fyrir sjálfan sig hverjar afleiðinga gjörða hans eru. Með þessari aðferð er einblínt á að fara eftir reglum og gera rétt út frá þeim til að forðast viðurlögin. Þetta er þæginleg leið til að koma nemendanum aftur á rétta braut með stuttum inngrípum eins og spurningunum um hver reglan og viðurlögin séu þar sem reglur og viðurlög eru skýr og kunnug þeim sem eiga í hlut (Gossen, 2006).

Uppbyggingarstjórnnun er sú agastjórnnun sem Uppeldi til ábyrgðar byggir á. Hún felst í því að nemandinn taki sjálfur ábyrgð á gjörðum sínum og finni leiðir til að lagfæra eða bæta fyrir mistök sín. Uppbyggingarstjórinn hjálpar nemendanum að komast aftur inn í hópinn sem sterkari einstaklingur en hann var fyrir með. Nemandinn er spurður spurninga á við: *Hvernig getur þú lagað mistök þín?* og *Hvernig manneskja vilt þú vera?* Ef nemandi fær tækifæri til að lagfæra mistök sín með það í huga að líkjast meira þeirri manneskju sem hann vill vera færir hann nær þeirri manneskju og minnkar líkurnar á að brjóta aftur af sér á sama hátt (Gossen, 2006).

Til að uppbyggingarstjórnnun virki þarf nemandinn að vera tilbúinn að vinna í sjálfum sér. Ef hann er ekki tilbúinn til þess og fæst því ekki til að ígrunda um sjálfan sig út frá spurningum uppbyggingarstjórns þarf uppbyggingarstjórinn að fara til baka í fyrri

agastjórnun, það er reglufestuna. Þessa aðferð fann Gossen þegar hún var að móta Uppeldi til ábyrgðar og kallar hana að rekja á milli reglufestu og uppbyggingarstjórnunar. Þannig er hægt að rekja á milli þessara tveggja leiða þar sem reglufestan er einskonar varaáætlun fyrir uppbyggingarstjórnunina. Rekja á milli er því notað með einstaklingum sem ekki hafa náð að temja sér sjálfsaga og þarf því oft að rekja á milli og fara til baka í varaáætlun þegar uppbyggingarstjórnunin gengur ekki. Þannig er varaáætlunin til staðar til að viðhalda uppbyggilegu umhverfi og reglufestu. Börn sér í lagi hafa ekki fullkominn sjálfsaga og á þetta því vel við í leikskólum (Gossen, 2006).

2.5 Kennsluaðferðir sem notaðar eru með Uppeldi til ábyrgðar

Ýmsar kennsluaðferðir og námsgögn eru notuð við innleiðingu á Uppeldi til ábyrgðar í þátttökuleikskólum þessarar rannsóknarskýrslu sem formlega tilheyra ekki Uppeldi til ábyrgðar en nýtist samt til innleiðingar á stefnunni. Í þessum kafla kemur útlistun á þessum aðferðum og námsgögnum.

Námssögur er skráningar- og matsaðferð sem þróuð var í Nýja-Sjálandi. Í gegnum námssögur er vellíðan barna og hneigð þeirra til náms metin. Námssögur eru margar stuttar frásagnir sem segja frá athöfnum, viðbrögðum og samskiptum barns í daglegum athöfnum þess. Sá sem skráir námssöguna fylgist með barninu og skráir á hlutlausan hátt hvað barnið er að gera, hvernig það bregst við, hvernig það á í samskiptum við aðra og annað sem getur komið upp á meðan að skráningin fer fram. Hver námssaga nær yfir ákveðnar aðstæður í daglegu lífi barnsins. Einnig er hægt að setja með í námssögurnar myndir sem barnið teiknar, ljósmyndir sem teknar eru af barninu á meðan að skráning fer fram og setningar eða athugasemdir sem barnið segir í aðstæðunum. Þegar nokkrar sögur eru komnar saman um tiltekið barn er ákveðin mynd komin af því. Þessar sögur eru síðan skoðaðar og út frá þeim er vellíðan barnsins metin og hneigð þess til náms. Með þessar námssögur við höndina geta leikskólakennarar séð hvar barnið stendur og fundið út hvernig hægt er að styðja við og ýta undir áframhaldandi vellíðan og nám þess (Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2008).

Að fylla fötu (e. bucket filling) er myndlíking fyrir hugmyndafræði sem hefur verið til lengi. Hugmyndin um að allir gangi um með ósýnilega fötu sem er full af andlegri og tilfinningalegri heilsu okkar kemur frá Dr. Donald O. Clifton í kringum 1960. Það var svo Carol McCloud sem skrifaði barnabækur um það að fylla fötur til að kenna börnum að nota þessa hugmyndafræði. Börn þurfa að finna fyrir því að þau séu elskuð og að þeim sé sýnd alúð og umhyggja en að sama skapi þurfa þau að læra að sýna öðrum kærleika og samhug. Að nota hugmyndafræðina að fylla fötu getur kennt börnum þá þætti og eru bækur McCloud til þess gerðar. Þær fjalla um það að með því að sýna öðrum hlýju,

kurteisi, hjálpsemi þá fyllum við fötur annarra á sama tíma og fötur okkar sjálfra fyllast við þessi samskipti. En með því að vera dónaleg, vond, stríðin og fleira neikvætt þá tæmast fötur þeirra sem fyrir þeim samskiptum verða og eigin fötur líka. McCloud hefur skrifað nokkrar bækur um það að fylla fötu, meðal þeirra eru *Have you filled a bucket today?* og *Baby's bucket book*. Í bókunum er börnum kennt að spyrja sjálf sig í lok dags hvort þau hafi fyllt fötu einhvers yfir daginn (McCloud, 2011).

Tilfinningaspjöld eru notuð til að hjálpa börnum við að skilja tilfinningar annarra. Þau eru myndir af börnum eða broskörlum með mismunandi svipbrigði til að kenna börnum að læra muninn bæði á sínum eigin svipbrigðum og annarra svo þau geti tengt svipbrigðin við tilfinningarnar sem liggja að baki (C. L. Brown munnleg heimild, 14. ágúst 2012).

3 Fyrri rannsóknir og kenningar

Þessi kafli fjallar um rannsóknir sem gerðar hafa verið í tengslum við Uppeldi til ábyrgðar á leikskólastigi. Rannsóknirnar eru settar fram til að sýna hverju niðurstöður annarra rannsókna á svipuðu viðfangsefni hafa skilað. Lítið er um rannsóknir á Uppeldi til ábyrgðar með börnum á leikskólastigi og eru því einungis tvær rannsóknir skoðaðar hér að neðan en í staðn er kafað aðeins dýpra í niðurstöður þeirra.

Sigríður Guðmundsdóttir gerði í meistararitgerð sinni rannsókn á því hvernig innleiðing og notkun Uppeldis til ábyrgðar fór fram í þremur grunnskólum, sex leikskólum og einni þjónustumiðstöð í Grafarvogi. Ritgerðina gerði hún árið 2005 í sálfræði við Háskólann í Árhúsum (Sigríður Guðmundsdóttir, 2005).

Í ritgerð sinni talar Sigríður um að flestir leikskólakennarar í Grafarvogi sem tóku þátt í könnuninni um Uppeldi til ábyrgðar héldu að stefnan hentaði ekki fyrir mjög ung börn. 11 af 60 þátttakendum töldu að Uppeldi til ábyrgðar væri ekki viðeigandi fyrir leikskólabörn og hún hentaði betur fyrir grunnskólabörn. Sérstaklega fannst viðmælendum rannsóknarinnar stefnan ekki passa fyrir börn frá tveggja til fjögurra ára aldri og var það helsta niðurstaða rannsóknarinnar er varða annmarka stefnunnar. En þó var ekki öll von úti, þar sem skoðun leikskólakennaranna í rannsókninni var sú að aðlaga þyrfti stefnuna að tveggja til fimm ára börnum áður en hún yrði innleidd í leikskólum. (Sigríður, 2005).

Rannsókn Sigríðar leiddi einnig í ljós að erfitt var að innleiða Uppeldi til ábyrgðar í margar stofnanir á sama tíma, þar sem um marga einstaklinga var að ræða sem voru kannski ekki tilbúnir að beyta um starfsaðferðir eftir pöntun. Æskilegra hefði verið að hafa meiri tíma til að innleiða stefnuna á hverjum stað fyrir sig til að fá alla starfsmenn skólanna á band stefnunnar (Sigríður, 2005).

Helsti kostur Uppeldis til ábyrgðar samkvæmt rannsókn Sigríðar er hvað stefnan ýtir mikið undir jákvæð samskipti kennara við börnin og það að leikskólakennarar verða meðvitaðri um hegðun og viðhorf sín til barnanna (Sigríður, 2005).

Lísa Lotta Björnsdóttir gerði einnig meistararitgerð í tengslum við Uppeldi til ábyrgðar árið 2012. Hún gerði starfeindarannsókn í tengslum við innleiðingu á stefnunni í leikskóla sem hún starfaði á (Lísa Lotta Björnsdóttir, 2012).

Í rannsókn Lísu Lottu kom fram að til að hægt sé að innleiða og nýta Uppeldi til ábyrgðar í skólum þurfi fólk að hafa áhuga á stefnunni og að innleiðing hennar gangi ekki upp nema allir vinni saman að henni (Lísa Lotta, 2012).

Hvað varðar yngstu börn leikskólanna kemur fram í rannsókninni að besta leiðin til að nota stefnuna sé að þjálfa starfsfólkið upp til að vera sem bestar fyrirmyndir þar sem það notar rétt orðalag og „sýnir stefnuna í verki“ (Lísa Lotta, 2012). Samkvæmt þessu einkenndist starfið í leikskóla Lísu Lottu með yngstu börnunum af því að hjálpa þeim að uppfylla grunnþarfir sínar, veita þeim öryggi, gleði og gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á eigið líf (Lísa Lotta, 2012).

4 Rannsóknaraðferð

4.1 Rannsóknarspurning

Rannsóknarspurningin sem lagt var upp með í þessu verkefni er: *Hvernig er unnið með Uppeldi til ábyrgðar með eins til þriggja ára gömlum börnum í leikskólum?*

Til að fá svar við spurningunni var notuð eigindleg rannsóknaraðferð og fyrirbærafræðileg nálgun sem fólst í því að taka þrjú viðtöl við starfsmenn þriggja leikskóla.

4.2 Rannsóknaraðferð

Í þessari rannsókn er notuð eigindleg rannsóknaraðferð sem byggir á því að afla gagna og mynda kenningar út frá þeim í stað þess að koma að rannsókninni með fyrirfram ákveðnar hugmyndir um hvað muni koma fram. Viðtöl eru ein helsta gagnasöfnunaraðferðin í rannsóknum og með þeim fær rannsakandi að skyggast inn í líf og reynsluheim viðmælenda (Helga Jónsdóttir, 2003; S. Kvale, 1996; Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Stuðst var við svokallaða fyrirbærafræðilega nálgun. Varð sú nálgun fyrir valinu því leitast var eftir reynslu viðmælenda á því að vinna samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar og reynist þessi nálgun vel þegar verið er að sækjast eftir upplifun viðmælenda. Um lýsandi rannsóknaraðferð er að ræða þar sem leitast er eftir að þekkja og skilja reynslu viðmælenda og upplifun þeirra á því sem verið er að rannsaka. Markmiðið með þessari aðferð er að dýpka og auka skilning á fyrirbærinu en ekki að alhæfa. Þá nálgast rannsakandi viðfangsefnið með opnum huga (Sigrún Halldórsdóttir, 2013; Taylor og Bogdan, 1998).

4.3 Þátttakendur

Þátttakendur þessarar rannsóknar koma úr þremur leikskólum sem eiga það sameiginlegt að vinna samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar með eins til þriggja ára gömlum börnum.

Þátttakendur í þessa rannsókn voru fundnir með samblöndu af snjóboltaúrtaki og handahófskenndu úrtaki. Rannsakandi ræddi við samstarfsmenn sína, sem vinna samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar og bað þá um að vísa sér á skóla sem vinna samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar og væru líklegir til að nota stefnuna í starfi með yngstu börnum leikskólans. Á þennan hátt fannst einn viðmælandi rannsóknarinnar, hinir tveir fengust með því að skoða heimasíður leikskóla og velja handahófskennt úr þeim leikskólum sem sýndu á heimasíðum sínum að þeir ynnu samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar.

Rannsakandi hafði samband við skólastjóra þeirra leikskóla sem hún hafði áhuga á í gegnum tölvupóst og spurði hvort þeir ynnu samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar með yngstu börnunum. Ef svo væri spurði rannsakandi hvort einhver kennari hefði áhuga á að koma í viðtal og ræða aðferðir sínar við rannsakanda. Með þessum hætti fengust þrír viðmælendur sem er í samræmi við það sem lagt var upp með.

4.4 Gagnaöflun

Rannsakandi hafði með sér viðtalsvísi og fór eftir honum við framkvæmd viðtalanna. Viðtölin þrjú voru hljóðrituð á stafrænt upptökutæki og afrituð orð fyrir orð. Hafist var handa við að greina gögnin og var það gert með því að marglesa yfir gögnin og finna sameiginleg þemu. Þau átta þemu sem rannsakandi tók saman og verður gert grein fyrir í niðurstöðukafla voru eftirfarandi:

Fyrirmyndir, grunnþarfir, tilfinningar/tilfinningaspjöld, sáttmálar, spurningar í anda Uppeldis til ábyrgðar, mitt og þitt hlutverk, námssögur og að lokum „Virkar Uppeldi til ábyrgðar með eins til þriggja ára gömlum börnum?“.

4.5 Vankantar/áreiðanleiki

Þegar verið er að meta gæði eigindlegra rannsókna er tekið mið af trúverðugleika, yfirfærslugildi, traustleika og möguleika á staðfestingu. Til þess að sýna fram á trúverðugleika eða að niðurstöður standist er oft reynt að afla gagna með margprófun, það er að segja með því að afla gagna frá fleiri en einum aðila eða með fleiri en einni aðferð. Jafnframt að skoða gögnin út frá fleiri en einni kenningu eða að gagnagreiningu framkvæmi fleiri en einn aðili. Í eigindlegum rannsóknum er ekki raunsætt að búast við að hægt sé að yfirfæra niðurstöður rannsóknarinnar á aðrar aðstæður eða á aðra hópa og er það oft undir lesandanum komið að dæma hvort niðurstöður geti yfirfærst á eigin aðstæður. Ekki er talið raunhæft að hægt sé að endurtaka veruleikann eins og hann kemur fram í rannsókninni og fá fram sömu niðurstöður og er því ekki hægt að tala um áreiðanleika líkt og gert er í meginlegum rannsóknaraðferðum. Þannig er talað um traustleika í eigindlegum rannsóknaraðferðum sem hægt er að ná með því að sýna fram á trúverðugleika. Ein leið til þess að nálgast áreiðanleika er margprófun. Hvort hægt er að staðfesta niðurstöður rannsóknarinnar með öðrum aðferðum en notaðar voru í rannsókninni sjálfri er þannig mælikvarði á gæði eigindlegra rannsókna (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Í rannsóknum sem unnar eru með eigindlegum aðferðum þarf lesandinn að treysta á það að rannsakandinn hafi unnið vinnu sína vel, fundið mikilvægustu atriði gagnanna og sett niðurstöður fram á trúverðugan hátt (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Í þessari rannsókn verður ekki alhæft um það hvernig unnið er samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar með yngstu börnum á leikskólum yfir höfuð. Heldur er greint frá því hvernig stefnan er notuð á þremur leikskólum á landinu. Tilgangur rannsóknarinn er að fá mynd af því hvernig unnið er með Uppeldi til ábyrgðar án þess þó að áætla að unnið sé á sama hátt í fleiri skólum, þó alltaf sé hægt að geta sér til um það til gamans.

Það helsta sem hægt væri að bera gegn trúverðugleika þessarar rannsóknarskýrslu er reynsluskortur rannsakanda við gerð slíkra verkefna. Rannsakandi hefur ekki mikla reynslu af viðtölum og úrvinnslu þeirra. Hann studdist þó við mikið af fræðslufni og undirbjó sig vel til að koma til móts við það reynsluleysi sem gæti hindrað trúverðugleika rannsóknarinnar.

5 Viðtölin

Í þessum kafla verður farið yfir hvert viðtal fyrir sig þar sem gerð verður grein fyrir viðmælendum, reynslu þeirra af Uppeldi til ábyrgðar og hvernig þeir vinna samkvæmt stefnunni.

5.1 Bakkaborg – Jóna

Jóna Björg Karlsdóttir er deildarstjóri á yngstu deild Leikskólans Bakkaborgar og hefur unnið á leikskólanum síðan árið 2003. Á deildinni hennar, Bakka, eru 18 börn fædd á tímabilinu febrúar 2013 til mars 2014. Hún er leikskólakennari að mennt og útskrifaðist frá Kennaraháskóla Íslands árið 2002.

Jóna hefur tamið sér að vinna samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar með því að lesa bækur um stefnuna og sitja fræðslufundi í Bakkaborg. Auk þess fór hún með leikskólanum í námsferð til Minneapolis þar sem skólar sem vinna samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar voru skoðaðir.

Það sem Jóna bendir helst á hvað varðar að vinna samkvæmt stefnunni með eins til tveggja ára gömlum börnum er mikilvægi þess að vera góð fyrirmynd og vinna í sjálfum sér. Hún talar um breytt hugarfar hjá sjálfri sér og aukna meðvitund gagnvart samskiptum sínum við börnin eftir að hún fór að vinna samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar. Jóna leggur mikla áherslu á jákvæð samskipti og jákvæða orðræðu. Þar nefnir hún helst að nota *já* og *ef* í staðin fyrir *nei* og *ekki*.

Jóna notar mikið tilfinningaspjöld þegar upp koma árekstrar innan barnahópsins. Hún notast við tvær tilfinningar það er leiður og glaður og sýnir börnunum myndir til að hjálpa þeim að skilja tilfinningar samnemenda sinna eða þeirra sjálfra. Með þessum spjöldum spyr hún til dæmis barn sem hefur verið að meiða „nú er hann leiður, hvað getum við gert svo hann verði glaður?“.

Á Bakka er innleidd ein grunnþörf Uppeldis til ábyrgðar. Sú þörf er öryggi. Hún er innleidd með því að fá myndir að heiman af börnunum með foreldrum sínum eða einhverjum nánum. Þær myndir eru síðan límdar á hús sem eru svo hengd upp á vegg í hæð barnanna þannig að þau geta séð sitt nánasta fólk inni á deildinni yfir leikskóladaginn og fundið þannig fyrir öryggi.

Þó Jónu finnst mikil breyting vera hjá sjálfri sér og framkomu sinni gagnvart börnunum eftir að hún byrjaði að vinna samkvæmt stefnunni, þá finnst henni hún ekki sjá

breytingu á hegðun barnanna á deildinni eftir að stefnan var innleidd í leikskólann. Sjálf segir hún það stafa af því að það sé lítill áhugi fyrir Uppeldi til ábyrgðar meðal annarra starfsmanna á deildinni hennar. Henni finnst hún standa ein í því að vinna samkvæmt stefnunni á deildinni og því sé engin breyting á hegðun barnanna þó að hún iðki uppbyggileg samskipti við þau.

5.2 Holtakot – Ína og Olga

Ína Sigrún Þórðardóttir er deildarstjóri á Mýri í leikskólanum Holtakoti. Á deildinni eru börn fædd árið 2013. Með henni í viðtalinu var Olga María Hermannsdóttir, leiðbeinandi á sömu deild, hún kom með í viðtalið svo þær gætu verið vissar um að muna eftir öllu sem þær væru að gera tengt Uppeldi til ábyrgðar á deildinni. Þær byrjuðu báðar á Mýri fyrir um það bil tveimur mánuðum og eru því ný byrjaðar að vinna með þessum börnum. Síðastliðinn vetur voru þær á deild með börnum fæddum árið 2010, það er því mikil breyting fyrir þær að vinna samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar með þeim aldri sem þær eru með núna. En í sameiningu halda þær utan um Uppeldi til ábyrgðar í Holtakoti og hafa því góða yfirsýn yfir hvernig innleiðing stefnunnar fer fram í leikskólanum í heild sinni með öllum aldurshópum.

Ína og Olga lærðu um Uppeldi til ábyrgðar þegar þær fóru í námsferð til Toronto á námskeið hjá Cindy Levesque Brown ásamt því að heimsækja leikskóla þar sem unnið er samkvæmt stefnunni. Einnig hafa þær setið og tekið þátt í fræðslufundum innan leikskólans um Uppeldi til ábyrgðar auk þess sem Hjördís G. Ólafsdóttir, leikskólalastjóri leikskólans Krakkakots hefur komið og haldið kynningar fyrir þær og aðra starfsmenn leikskólans um stefnuna.

Ína byrjar á því að tala um mikilvægi þess að vera góð fyrirmynd þegar unnið er samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar með börnum á þessum aldri. Hún nefnir í því samhengi nauðsyn þess að hafa jákvæð samskipti, að nota frekar *já, já, þegar og já, ef* í staðin fyrir *nei* ef mögulegt er. Að sama skapi talar hún um inngrip þegar börnin eru til dæmis að taka af hvort öðru, þá koma starfsmennirnir inn í aðstæðurnar og reyna að aðstoða börnin við það að biðja um hluti í staðinn fyrir að taka þá.

Ína og Olga eru með möppu sem þær hafa búið til og eru þar með uppsettar uppbyggingastundir sem hægt er að fara í með börnunum. Þær hafa útbúið svona möppur fyrir allar deildir skólans og miðast hver mappa við ákveðinn aldurshóp. Þannig er ákveðið skipulag á öllum leikskólanum um hvernig Uppeldi til ábyrgðar er innleidd fyrir hvern aldurshóp á hverjum vetri. Í möppunni fyrir börn fædd árið 2013 eru til dæmis tíu uppbyggingastundir til að innleiða stefnuna auk þess sem auka efnivið er að finna í möppunni eins og til dæmis skapalón fyrir allar þarfirnar og leiðbeiningar. Hverri stund er

lýst vel, hvað þarf að tala um, hvernig hægt er að tala um þá hluti og bent á hugmyndir að hjálpargögnum. Með þessum hætti er auðvelt fyrir starfsfólk skólans að vera með uppbyggingastundir á sinni deild þó það hafi litla þekkingu á Uppeldi til ábyrgðar (eins og til dæmis nýjir starfsmenn) eða er óöruggt á einhvern hátt.



Mynd 3 Orkuskífa Bangsímmons.

Fyrsta uppbyggingarstundin fyrir börnin á Mýri er skipt í þrennt. Hún hefst á því að starfsmaður kynnir Bangsímon og félagi. Það er sem sagt skífa þar sem Eyrnaslapi, Bangsímon og Tígri hafa verið límdir á karton sem er klippt þannig að það er eins og helmingurinn af hring. Á öðrum endanum er Eyrnaslapi, Bangsímon er í miðjunni og Tígri í hinum endanum. Svo er ör sem hægt er að færa á milli þannig að hún bendir á eina persónu í einu. Útskýrt er fyrir börnunum að þegar það er hvíld þá er maður slakur eins og Eyrnaslapi, með litla orku. Þegar börnin eru í samverustund, þá eiga þau að vera eins og Bangsímon, passa hendur og sitja, vegna þess að þannig hlusta þau best og svo geta þau verið eins og Tígri í íþróttasalnum og útiveru, hoppandi og skoppandi út um allt með fullt af orku. Á þennan hátt er skífan notuð til að hjálpa börnunum að bera ábyrgð á sjálfum sér og passa sig sjálf í samverustundum. Samkvæmt Ínu þá virkar þessi aðferð vel og eru börnin farin að bregðast vel við þegar þeim er bent á að vera eins og Bangsímon í samverustund. Næsti liður fyrstu uppbyggingastundarinnar er smá heilaleikfimi að hætti Bangsímmons. Heilaleikfimin fer þannig fram að kennarinn stýrir æfingunni og segir börnunum að láta puttana gera rigningu með því að trítla á höfðinu á þeim sjálfum, svo færir rigningin sig niður á axlir, niður eftir höndunum og svo framvegis. Því næst breytir kennarinn börnunum í górilla þar sem þau slá á brjóstakassann, lærin og hendurnar. Þá breytast þau í mús með fínar og litlar hreyfingar. Þannig heldur stundin áfram og gera börnin allskonar æfingar til að fá þau til að virkja sem flesta vöðva líkamans, fá smá útrás svo þau geti verið tilbúin í áframhaldandi samverustund. Í lok fyrstu uppbyggingastundarinnar sýnir kennarinn börnunum tilfinningaspjöld, spöld með

myndum af börnum sem sýna ákveðin svipbrigði, sum eru leið, önnur glöð og svo framvegis og spyr börnin hvernig börnunum á myndunum líður.

Uppbyggingastundirnar tíu sem eru í möppunni fyrir þennan aldur eru eftirfarandi:

- Jafnvægi með þátttöku Bangsímans
- Svipbrigði
- Fylla fötur
- Grunnþarfirnar
 - Öryggi
 - Ást og umhyggja – Hvern þykir mér vænt um?
 - Gleði/ánægja – Það sem veitir mér mesta gleði.
 - Frelsi – Það sem mig langar til að gera.
 - Áhrif/stjórn – Í hverju vil ég vera best/ur?
- Búa til *þarfakross* upp á vegg (veggpláss skipt í fernt þar sem hengd eru upp verk eftir börnin sem tákna þarfirnar ást og umhyggja, áhrif, frelsi og gleði). Hver þörf hefur sitt eigið pláss á veggnum.
- Deildarsamningur/sáttmáli



Mynd 4 Þarfakross á vegg.

Hver þörf fær sér stund þar sem notast er við efnivið sem starfsfólk skólans hefur sankað að sér til að útskýra hverja þörf fyrir sig. Börnin fá góðan tíma til að meðtaka hverja þörf.

5.3 Krakkakot – Hjördís

Hjördís G. Ólafsdóttir er leikskólastjóri leikskólans Krakkakots á Álftanesi. Hún hefur unnið mikið samkvæmt uppbyggingarstefnunni og tekur þátt í innleiðingu hennar á öllum deildum leikskólans. Krakkakot er fimm deilda leikskóli með um 100 börn og 29 starfsmenn.

Hjördís hefur farið í námsferð til Toronto þar sem hún lærði mikið um uppbyggingarstefnuna hjá Cindy Levesque Brown og fór í heimsóknir á leikskóla sem vinna samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar. Hún hefur einnig farið í námsferð til Minneapolis þar sem hún sat námskeið hjá Judy Anderson og Diane Gossen. Hér á Íslandi hefur Hjördís farið á fjölda allan af námskeiðum um Uppeldi til ábyrgðar bæði hjá erlendum og íslenskum námskeiðshöldurum. Auk alls þessa hefur hún sjálf farið og kynnt sína vinnu með Uppeldi til ábyrgðar í öðrum leikskólum landsins. Hjördís hefur búið til mikið af námsgögnum sem hún og aðrir starfsmenn leikskólans nota með stefnunni.

Í grunnin segir Hjördís það mikilvægasta við að vinna samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar með börnum á aldrinum eins til þriggja ára sé að veita þeim öryggi og ást og umhyggju. Þar gegna starfsmenn lykilhlutverki sem fyrirmyndir barnanna að virðingaverðum og kærleiksríkum samskiptum.

Ást og umhyggjuþörfin er ríkjandi á yngstu deildunum. Þar eru settar upp myndir af þeim sem börnunum þykir vænst um. Myndirnar koma að heiman og eru hengdar á veggina innan í hjörtu sem tákna umhyggjuþörfina. Flest koma með myndir af foreldrum sínum eða ömmum og öfum. Yfir leikskóladaginn geta börnin svo farið að myndunum af sínum nánustu og fundið fyrir öryggi við að hafa mynd af þeim hjá sér í leikskólanum.

Það er einnig liður í því að innleiða grunnþarfirnar hjá yngstu börnunum í Krakkakoti að gera þarfirnar sýnilegar og ræða um þær. Þegar rætt er um ást og umhyggju er hjartað haft sýnilegt og börnin spurð hvern þeim þyki vænst um og hver sé vinur þeirra, þá koma myndirnar af góðu gagni. Til þess að innleiða ást og umhyggjuþörfina hefur Hjördís útbúið poka með allskyns hjálpargögnum. Í pokanum eru til dæmis litlir kallar úr gúmmí sem geta knúsað hvorn annan, þeir eru tilvaldir til að sýna vináttu og hvernig vinir eiga að vera. Í pokanum er einnig tuskudýr, köttur sem notaður er til að kynna börnin fyrir ást og umhyggjuþörfinni þar sem þau eiga auðvelt með að tengja við það að vera góður við *kisu*. Inn í ást og umhyggjuþörfina tengjast svo tilfinningarnar, að skilja hvernig öðrum líður. Þá er oft notast við brotið plastdýr, börnunum bent á ef það vantar til dæmis fót á plasthund og þau spurð út í það hvernig hundinum líður þegar fóturinn hans hefur brotnað af. Reynt er að fá börnin til að átta sig á tilfinningum annarra sem liður í því að læra að mæta þörfum sínum án þess að brjóta á þörfum annarra.

Til að innleiða öryggisþörfina hjá yngstu börnunum hafa starfsmenn Krakkakots til þess gert box sem lítur út eins og hús. Í húsinu eru geymdir allskyns hlutir sem eru nauðsynlegir til þess að sinna öryggisþörfinni. Í boxinu er til dæmis vatnsflaska, föt og matur út plasti. Með þessum munum er hægt að tala um það við börnin hvað þarf til að lifa af, sinna öryggisþörfinni og auðvelda þeim að skilja með sjónrænni örvun.

Með hverri þörf hefur Hjördís búið til þarfalög með því að breyta textum þekktra laga, þannig að textarnir hjálpa til við að skilja hverja þörf fyrir sig. Til dæmis kemur fram í öryggissöngnum að allir þurfa að hreyfa sig, fá hvíld og svefn, eiga heimili og geta þrifið sig.

Á Krakkakoti er unnið með námssögur barnanna og þær tengdar við Uppeldi til ábyrgðar. Þannig er fylgst með hverju og einu barni í leik, skráning gerð um leikinn hjá barninu og svo ígrundað um skráninguna eftir á og hún túlkuð út frá þörfum barnsins. Þannig geta starfsmenn túlkað hvaða þörf eða þarfir eru mest ríkjandi í fari hvers barns út frá því hvernig það er í samskiptum við önnur börn, tekst á við ný verkefni og kemur sér inn í leik og fleira. Það er svo skráð í ferilmöppu barnsins hvaða þörf er ríkjandi hverju sinni. Þegar þessi skilningur á ríkjandi þörfum barnsins er til staðar er auðveldara að hjálpa því að uppfylla þarfir sínar þegar starfsmennirnir skilja hverju það er að leita eftir. Þessar námssögur eru gerðar þrisvar á ári fyrir hvert barn og eru svo notaðar til grundvallar í foreldraviðtölum í leikskólanum. Það er síðan rosalega áhugavert að sjá þegar börnin útskrifast úr leikskólanum hvort sama þörfin/þarfirnar hafi verið ríkjandi yfir alla leikskólaginguna eða hvort þær hafi breyst mikið.

Hvað varðar hlutverk starfsfólksins við að vera góðar fyrirmyndir þá ræðir Hjördís um þá sjálfsskoðun sem hver starfsmaður þarf að fara í gegnum með sjálfum sér. Til að geta unnið samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar þarf hver starfsmaður að fara í ákveðna sjálfsskoðun og spyrja sig „hvernig starfsmaður vil ég vera?“ og „hvernig starfsfélagi vil ég vera?“. Á þennan hátt geta starfmennirnir áttað sig betur á uppbyggilegum viðhorfum sínum og reynt að vera besta útgáfan af sjálfum sér í starfi.

Hjördís talar um mikilvægi góðrar orðræðu með börnunum, að spyrja þau spurninga til að vera fyrirmyndir í samskiptum við börnin. Dæmi um spurningar sem notaðar eru í Krakkakoti til að stuðla að uppbyggingu sjálfsaga eru:

- Hvernig vinur viltu vera?
- Er í lagi það sem þú ert að gera núna?
- Hvað átt þú að vera að gera núna?
- Hvað viltu?

Hvað fyrirmynd varðar er einnig nauðsynlegt að hafa í huga að það er áhrifaríkara að nota *já* og *já*, *ef* frekar en *nei* í samskiptum við börnin og passa sig á því að standa við það ef sagt er nei. Það að vera mikið á gólfinu með börnunum, eiga í uppbyggilegum samskiptum við þau, tala við þau og hrósa þeim skiptir mjög miklu máli fyrir yngstu börnin til að efla uppbyggingu sjálfsaga hjá þeim og málþroska þeirra svo eitthvað sé nefnt.

Þegar spurt var um hvort yngstu börnin geri sáttmála í Krakkakoti svaraði Hjördís því játandi. Yngstu börnin gera mjög einfalda útgáfu af sáttmálanum, sleppa Y spjöldunum og gera ekkert formlegt mitt og þitt hlutverk þó það sé hluti af orðræðunni á deildunum. Sem dæmi um mitt og þitt hlutverk inni á deild er þegar kennari bendir barni á að það var að leika sér í kubbunum og því er það hlutverk þess að ganga frá eftir sig. Á einum sáttmála hjá einni af yngstu deildunum stóð eftirfarandi í sáttmálanum:

- Leikum okkur saman
- Góð
- Faðma
- Syngja
- Vinir

Síðan voru handaför barnanna af deildinni í kringum sáttmálann á veggsplaldi uppi á vegg. Þessi sáttmáli var búinn til í samverustund með börnunum á deildinni og sum hugtökin töluðu börnin um en önnur tóku starfsfólkið upp frá fundinum út frá gjörðum barnanna. Til dæmis byrjaði eitt barnið að syngja, þannig kom söngurinn inn og annað barn faðmaði vin sinn og dugði það sem merki um hvað ætti að vera í sáttmálanum.

Hjördís talar um að þegar þau byrjuðu að vinna samkvæmt uppeldi til ábyrgðar með yngstu börnunum þá fannst þeim það ómögulegt. En með tímanum kom reynsla og það að prófa sig áfram sem hefur sýnt þeim að það er margt hægt að gera með þessum aldurshópi og þau meðtaka það sem lögð er vinna við að kenna þeim. Hjördís talar um að Uppeldi til ábyrgðar eigi vel við á leikskólum með öllum aldurshópum og mikilvægt sé að þeir sem vinni með Uppeldi til ábyrgðar tali saman til að fá hugmyndir hver frá öðrum svo að þetta góða starf geti haldið áfram.

Hægt er að mæta þörfum sínum á jákvæðan og neikvæðan hátt og fá börnin í Krakkakoti leiðsögn um hvað er æskileg og óæskileg hegðun. Það eru ákveðin viðurlög við óæskilegri hegðun og er börnum í Krakkakoti boðið á svokallaða hugsunarmottu þegar þau sýna óæskilega hegðun. Mottan er til staðar fyrir þá sem þurfa á henni að halda og fara börnin þangað til að róa sig niður þangað til þau eru tilbúin að tala um það sem gerðist og vinna úr því. Það er kennari með þeim allan tímann sem leiðbeinir þeim í

gegnum það sem þau eru að takast á við og hefur það reynst vel að gefa börnunum þetta rými á hugsunarmottunni til að komast í jafnvægi áður en tekist er á við óæskilegu hegðunina. Svo vinna þau úr málinu á uppbyggilegan hátt og koma þar af leiðandi sterkari einstaklingar til baka.

6 Niðurstöður

Leikskólarnir virðast vinna að mörgu á svipaðan hátt hvað varðar Uppeldi til ábyrgðar. Það er þó misjafnt hversu mikið þeir gera með börnum á aldrinum eins til þriggja ára. Hér fyrir neðan verður byrjað á samantekt yfir það sem er sameiginlegt með öllum leikskólunum og svo verður sagt frá því hvað hver leikskóli gerir sem hinir eru ekki að gera hvað varðar Uppeldi til ábyrgðar.

Það gegnir lykilhlutverki hjá öllum leikskólunum að leggja mikla áherslu á að vera góðar fyrirmyndir fyrir börnin með því að starfsmenn tileinki sér uppbyggileg vinnubrögð og samskipti. Í því er falið að starfsmenn noti sem jákvæðust samskipti við börnin með því að nota *já og já, ef frekar en nei* ef möguleiki er á. Allir skólarnir leggja áherslu á að spyrja börnin opinna spurninga sem hjálpa börnunum að byggja upp sjálfsgaga með því að ígrunda um gjörðir sínar og atburði. Einnig var talað um það á einum leikskólanum að starfsfólkið fari í ákveðna sjálfsskoðun til að geta verið sem uppbyggilegustu starfsmenn sem völ er á.

Skólarnir þrír eru allir sammála um það að hjá þessum aldurshópi skipti mestu máli að leggja inn öryggisþörfina. Þessi grunnþörf, að börnin finni fyrir öryggi í leikskólanum er það nauðsynlegasta sem þau geta fengið frá leikskóladvöl sinni. Tveir skólanna leggja einnig mikla áherslu á innlögn ást og umhyggju þarfarinnar þar sem sú þörf er mikilvægust af andlegu þörfunum fyrir þetta ung börn. Einn leikskólinn leggur einnig inn hinar þrjár þarfinnar, þó megináherslan sé á öryggið og ást og umhyggju. Á öllum þremur leikskólunum eru foreldrar/forráðamenn fengnir til að koma með myndir af þeim sem börnunum þykir vænst um til að hafa upp á vegg á deild barnanna. Er þetta gert til þess að veita börnunum aukið öryggi innan leikskólans og til að vinna með þörfina ást og umhyggju.

Það að vinna með tilfinningar barnanna skiptir miklu máli við notkun Uppeldis til ábyrgðar með yngstu börnum leikskóla. Leikskólarnir vinna með þar til gerð tilfinningaspjöld, þar sem unnið er að því að börnin geri sér grein fyrir tilfinningum annarra. Ef að barn er að meiða er síðan notast við spjöldin til að sýna hvernig meidda barninu líður og unnið út frá því við að leysa ágreininginn svo bæði börnin geti komið sátt og sterkari út úr atvikinu. Tilfinningaspjöldin eru annað hvort litlar myndir af börnum eða broskörllum með mismunandi svipbrigði.

Tveir skólanna notast við orkuskiðu Bangsímóns samhliða Uppeldi til ábyrgðar. Þannig er börnunum kennt að á sumum stundum er æskilegt að hegða sér eins og Bangsímón, passa hendur og sitja kyrr. Á öðrum stundum er svo eðlilegt að ærslast um eins og Tígri eða hvíla sig eins og Eyrnaslapi.

Tveir leikskólanna gera sáttmála með börnunum. Þeir sáttmálar eru þó ekki jafn formlegir og með eldri börnum leikskólanna heldur er tilgangur þeirra frekar að kynna börnunum fyrir sáttmálagæði. Þar sem börnin eru frekar ung fyrir svona sáttmálagæði þá koma svörin meira frá leiðandi spurningum kennaranna heldur en alfarið frá hugmyndum barnanna. Á einum leikskólanum var sett í sáttmálann þau samskipti sem kennararnir sáu á sáttmálsfundinum milli barnanna og það sem börnin sögðu sjálf. Ekki er farið yfir Y spjöldin með börnum á þessum aldri í neinum af þessum leikskólum. Þó tala viðmælendur tveggja leikskóla um það að óformlega sé farið í mitt og þitt hlutverk í daglegri orðræðu með börnunum og í einum leikskólanum er einnig talað reglulega um það hvað börnin vilji sjá, heyra og finna í leikskólanum við mismunandi aðstæður yfir daginn.

Þremur af fjórum viðmælendum þessarar rannsóknar fannst Uppeldi til ábyrgðar virka með börnum á aldrinum eins til þriggja ára. Þeir viðmælendur nefna í því samhengi jákvæðari samskipti, tilfinningaspjöldin, orkuskiðu Bangsímóns, fullnægingu öryggisþarfarinnar og ástar- og umhyggju þarfarinnar meðal barnanna. Sá viðmælandi sem telur aðferðina ekki virka segir ástæðu þess vera ósamstöðu innan deildarinnar. Þar vinna hinir starfsmenn deildarinnar ekki samkvæmt stefnunni og því fá börnin ekki almennilega að kynna Uppeldi til ábyrgðar sem skólafélagi heldur bara frá einum starfsmanni. Þó telur þessi viðmælandi stefnuna hafa breytt miklu varðandi hugsunarhátt sinn og hefur trú á því að ef allir vinna að stefnunni saman muni hún skila árangri.

Holtakoti hefur útbúið svokallaðar *Uppbyggingamöppur* þar sem hver deild hefur aðgang að skipulögðum Uppeldis til ábyrgðar stundum til að innleiða stefnuna með hverjum aldurshóp fyrir sig. Þessar möppur innihalda ítarlegar lýsingar á nokkrum stundum svo að hver sem kemur að starfi hvers deildar getur farið eftir lýsingunni og þannig tekið þátt í stundunum. Einnig fá börnin á Holtakoti að velja sér þörf til að hafa á hólfinu sínu tvisvar á ári. Þörfin sem þau velja er skráð niður og er síðan fylgst með því í gegnum árin hvort þörfin sem þau velja breytist yfir leikskólagönguna.

Á Krakkakoti eru gerðar námssögur með hverju barni þrisvar á ári. Þessar námssögur eru unnar út frá þörfum hvers barns og notaðar til að öðlast sem mesta þekkingu á því af hvaða þörf hvert og eitt barn stjórnast svo betur sé hægt að skilja hvernig hægt er að leiðbeina því.

Á Krakkakoti er talað við börnin um æskilega og óæskilega hegðun og eru hafðar mjög skýrar reglur um það hvað sé óæskileg hegðun. Við óæskilegu hegðuninni eru einnig skýr viðurlög og vinna allir í leikskólanum eftir sama verkferlinu í þeim atvikum.

Á Krakkakoti er notast við hjálpartæki eins og *Fill a bucket* bækurnar þar sem hugsunin um að hægt sé að fylla og tæma tilfinningafötur annarra með gjörðum og orðum er kynnt börnum og starfsfólki.

7 Umræður

Í þessum kafla verður ígrundað um niðurstöður síðasta kafla samanborið við fræði og fyrri rannsóknir á Uppeldi til ábyrgðar.

Í niðurstöðukaflanum hér að ofan kom fram að allir leikskólarnir teldu jákvæð samskipti við börnin og það að vera þeim góð fyrirmynd hvað varðar uppbyggileg samskipti og jákvæða, uppbyggilega orðræðu vera lykilatriði í innleiðingu og notkunar Uppeldis til ábyrgðar með eins til þriggja ára gömlum börnum. Þessar niðurstöður samsvara sér algjörlega við rannsóknir bæði Lísu Lottu Björnsdóttur (2012) og Sigríðar Magnúsdóttur (2005). Þær tala báðar um nauðsyn þess að vera góð fyrirmynd hvað varðar samskipti í anda Uppeldis til ábyrgðar með börnunum og í kringum þau. Telja þær báðar að þessi þáttur sé sá mikilvægasti í vinnu með stefnuna með þessum aldurshópi.

Einn viðmælandinn í þessari rannsókn gat ekki sagt að henni fyndist Uppeldi til ábyrgðar skila sér í breyttri hegðun barnanna á deildinni, hún taldi það vera vegna þess að það var ekki samstaða innan deildarinnar um að vinna samkvæmt stefnunni. Samskonar niðurstöður komu úr rannsóknum Lísu Lottu (2012) og Sigríðar (2005) þar sem í ljós kom til að innleiða Uppeldi til ábyrgðar þyrftu allir að hafa áhuga á að vinna samkvæmt stefnunni.

Í rannsókn Sigríðar Magnúsdóttur (2005) kom fram að margir þeirra leikskólakennara sem tóku þátt í rannsókninni voru sammála um það að til þess að Uppeldi til ábyrgðar gæti gengið með yngstu börnum á leikskólum þyrfti að aðlaga stefnuna að þeim aldurshóp. Miðað við þær aðferðir sem notaðar eru þegar unnið er með Uppeldi til ábyrgðar með yngstu börnunum í þáttökuleikskólum þessarar rannsóknar þá virðast leikskólarnir hafa gert einmitt það. Í öllum þáttökuleikskólunum hafa verið fundnar ákveðnar aðferðir og námsgögn til að vinna samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar með yngstu börnunum á þann hátt að þau geti meðtekið boðskap stefnunnar og lært á það samskiptaform sem hún býður uppá. Þegar tekið er saman það sem notað er í þáttökuleikskólum þessarar rannsóknar sést hvað það er mikið í boði til að nota Uppeldi til ábyrgðar með eins til þriggja ára gömlum börnum. Listinn lítur svona út eftir stafrófsröð:

- *Áhrifaþörf*
- *Ást og umhyggjuþörf (innleiða hana og sýna í verki)*
- *Jákvæð orðræða (já og já, ef)*

- *Frelsisþörf*
- *Fylla fötu*
- *Gleðiþörf*
- *Hugsunarmottan*
- *Hvað viljum við sjá, heyra og finna (notað í daglegu tali)*
- *Jafnvægisæfingar Bangsímmons*
- *Mitt og þitt hlutverk*
- *Námssögur*
- *Orkuskífa Bangsímmons*
- *Sáttmáli*
- *Skipulagðar Uppbyggingarstundir*
- *Spyrja spurninga*
- *Syngja þarfasöngva*
- *Tilfinningaspjöld - svipbrigði*
- *Vera góðar fyrirmyndir*
- *Öryggisþörf (innleiða hana, hafa myndir af nánustu uppi á vegg og sýna hana í verki).*

8 Lokaorð

Vinnan við þessa rannsókn skilaði mér mjög miklu. Mér þykir einstaklega vænt um þá jákvæðni sem ég fékk frá viðmælendum mínum til að taka þátt í verkefninu og sýna því eins mikinn áhuga og raun bar vitni. Það að ókunnugt fólk vilji eyða sínum dýrmæta tíma í að taka þátt í verkefnum annarra sýnir náungakærleikann í kringum okkur.

Á öllum þremur leikskólunum var tekið mjög vel á móti mér og fékk ég að fræðast um Uppeldi til ábyrgðar frá fólki sem vinnur samkvæmt stefnunni með sama aldurshóp og ég vinn sjálf með. Sá innblástur sem ég fékk við vinnu skýrslunnar er ómetanlegur. Það að fá að heyra af og fræðast um hvernig aðrir vinna samkvæmt stefnunni og hafa þróað sig áfram er frábær leið til að þróa sjálfan sig í starfi. Það er mikið af fróðleik sem ég aflaði mér í þessu verkefni og mun ég nýta mér hann til að þróa mig enn frekar í starfi hvað varðar Uppeldi til ábyrgðar og deila þeirri þekkingu með samstarfsfólki mínu.

Að lokum vil ég koma því á framfæri að ég vona að þessi rannsóknarskýrsla sýni fram á gagnsemi þess að leikskólar sem vinna samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar tali saman og hjálpist að með að aðlaga stefnuna yngstu börnunum á leikskólunum. Ég vona að þessi skýrsla nýtist vel til að auka starf Uppeldis til ábyrgðar á yngstu deildunum og gefi starfsfólki hugmyndir að því hvernig sú vinna getur farið fram.

Heimildaskrá

- Anderson, J. og Gossen, D. (1995). Creating the conditions – Leadership for Quality schools. Chapel Hill: New view.
- Berges, M. (1976). A realistic approach. Í A. Bassin, T. E. Bratter og R. L. Rachin (ritstjórar). The Reality therapy reader: a survey of the work of William Glasser, M.D (bls. 6-14). New York: Harper & Row publishers.
- Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir (2008). Námssögur – Styrkleikar og færni leikskólabarna. Í Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir (ritstjórar), Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólasterfi (bls. 133-156). Reykjavík: Háskólaútgáfan: Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna.
- Glasser, W. (1998). Choice theory, a new psychology of personal freedom. New York: HarperCollins Publisher.
- Gossen, C. G. (2001). Restitution – Restructuring school discipline. Chapel Hill: New view.
- Gossen, D. (2002a). Uppeldi til ábyrgðar. (Magni Hjálmarsson þýddi). Álfanes: Útgáfufélagið Sunnuhvoll.
- Gossen, D. (2002b). Uppeldi til ábyrgðar. (Magni Hjálmarsson þýddi). Álfanes: Útgáfufélagið Sunnuhvoll.
- Gossen, D. (2006). Sterk saman. (Magni Hjálmarsson, Guðlaugur Valgarðsson og Fanný Kristín Tryggvadóttir þýddu). Álfanes: Útgáfufélagið Sunnuhvoll.
- Gossen, D. (2008). Barnið mitt er gleðigjafi. (Fanný Kristín Tryggvadóttir og Magni Hjálmarsson þýddu). Álfanes: Útgáfufélagið Sunnuhvoll.
- Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Magni Hjálmarsson (2007). Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga. Netla. Sótt 20. nóvember 2015 af netla.hi.is/greinar/2007/003/index.htm.
- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum (bls. 67-84). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Jensen, E. (1998). Teaching with the brain in mind. Virginia: Association for supervision and curriculum development.

- Kohn, A. (1999). Punished by rewards – The trouble with gold stars, incentive plans, A's, praise, and other bribes. New York: Houghton Mifflin company.
- Kvale, S. (1996). Interviews: an introduction to qualitative research interviewing. Thousand Oaks: Sage Publications.
- Lísa Lotta Björnsdóttir. (2012). Fjárfest í framtíðinni – Starfendarannsókn í tengslum við innleiðingu á Uppeldi til ábyrgðar í leikskóla. Meistaraprófsritgerð við Háskóla Íslands. Reykjavík: Háskólaprent.
- McCloud, C. (2011). Have you filled a bucket today? Northville: Ferne Press
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). Aðalnámskrá leikskóla. Sótt 23. nóvember 2015 af <https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3952>.
- Real Restitution. (E.d). Diane Gossen. Sótt 29. nóvember 2015 af <http://realrestitution.com/>.
- Sigríður Guðmundsdóttir. (2005). Implementing and utilizing restitution, a student management model, in elementary schools and preschools in Reykjavik. An evaluation. Meistaraprófsritgerð við Háskólann í Århus.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Fyrirbærafræði sem rannsóknaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.). Handbók í aðferðafræði rannsókna (bls. 281-297). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða megingdlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum (bls. 219-235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Taylor, S.J. og Bogdan, R. (1998). Introduction to Qualitative Research methods: A guidebook and resource (3. útgáfa). New York: John Wiley & Sons, Inc.
- William, G. (1976). Notes on reality therapy. Í A. Bassin, T. E. Bratter og R. L. Rachin (ritstjórar). The Reality therapy reader: a survey of the work of William Glasser, M.D (bls. 6-14). New York: Harper & Row publishers.
- William Glasser Institute. (E.d). Dr. Glasser. Sótt 30. nóvember 2015 af <http://www.wglasser.com/who-we-are/dr-glasser>.

Viðauki 1: Upplýst samþykki



Upplýst samþykki

Garðabær, 28. október 2015

Upplýst samþykki vegna þátttöku í rannsókn þar sem verið er að skoða hvernig unnið er með Uppeldi til ábyrgðar – uppbyggingu sjálfsaga með eins til þriggja ára gömlum börnum í leikskólum.

Ég undirrituð samþykki hér með þátttöku í rannsókn Silju Guðbjargar Hafliðadóttur sem byggir á viðtölum við starfsmenn leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Samþykkið veiti ég eftir að hafa fengið upplýsingar um rannsóknina.

Mér er kunnugt um að ég get hætt þátttöku hvenær sem er án skýringa.

Staður og dagsetning.

Undirskrift þátttakanda.

Undirskrift rannsakanda.

Óski þátttakandi eftir því að hætta í rannsókninni er hægt að hafa samband við Silju Guðbjörgu Hafliðadóttur í síma 847-1176 eða með því að senda tölvupóst á siljaghaf@gmail.com

Viðauki 1: Viðtalsvísir - Spurningar til hliðsjónar í viðtölum

1. Hversu mikla þekkingu telur þú þig hafa á uppbyggingarstefnunni? Hefur þú sótt einhver námskeið tengd henni?
2. Hvernig myndir þú lýsa ykkar vinnu með uppbyggingarstefnuna hjá yngstu börnunum á leikskólanum
3. Í uppbyggingarstefnunni er talað um gerð sáttmála með börnunum. Hvernig fer sú vinna fram hjá ykkur með eins til þriggja ára börnunum?
 - a. Mitt og þitt hlutverk
 - b. Y og T spjöld
 - c. Sáttmáli
 - d. Eitthvað annað
4. Hvernig finnst þér ganga hjá ykkur að setja börnunum skýr mörk eins og talað er um í uppbyggingarstefnunni? Hvernig vinnið þið svo með uppbyggingu sjálfsaga út frá þeim mörkum?
5. Myndir þú segja að það væri eitthvað ákveðið sem þið einbeitið ykkur að í samskiptum við börnin út frá Uppeldi til ábyrgðar?
6. Eru einhverjir leikir eða þess háttar sem þið farið í með börnunum til að hjálpa til við innleiðingu stefnunnar.
7. Hvernig finnst þér ganga að vinna með uppbyggingarstefnuna? Hver er þín skoðun á henni?
8. Hefur þú tekið eftir einhverjum breytingum í hegðun/atferli barnanna eftir að þið byrjuðu að vinna með uppbyggingarstefnuna?
9. Er eitthvað sem þú vilt bæta við í lokin?